

Innviðasjóður

02 238

Ársreikningur 2021

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumans	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Innviðasjóður

kt. 440490-2639

Borgartúni 30, 105 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Hlutverk Innviðasjóðs er að byggja upp rannsóknainnviði á Íslandi. Markmiðið með sjóðnum er að efla innlendar vísindarannsóknir með því að skapa nýja möguleika til rannsókna með fjármögnun tækjabúnaðar/aðstöðu sem ekki er aðgengileg nú þegar (lög nr. 3/2003). Innviðasjóður veitir styrki til kaupa á tækjum, gagnagrunnum og hugbúnaði og öðrum þeim búnaði sem telst mikilvægur fyrir framfarir í rannsóknum.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 7 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2021 var ársveltan kr. 501,0 milljónir og afkoma kr. -18,5 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 5,6 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 1.133,5 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2021 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Innviðasjóðs í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Innviðasjóðs fyrir árið 2021 með rafrænni undirritun sinni.

Hallgrímur Jónasson
Forstöðumaður

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	351.000.000	251.000.000
Aðrar tekjur	3	150.000.000	150.000.000
Tekjur samtals		501.000.000	401.000.000
Gjöld			
Framlög og tilfærslur	4	510.571.633	375.231.343
Annar rekstrarkostnaður	5	8.948.243	4.376.690
Gjöld samtals		519.519.876	379.608.033
Afkoma ársins		(18.519.876)	21.391.967
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur	2	(8.948.243)	(4.376.690)
Fjármagnstilfærslur		(9.571.633)	25.768.657
		(18.519.876)	21.391.967

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr	31.12.2021	31.12.2020
Eignir			
Veltufjármunir			
Tengdir aðilar	6	1.133.457.529	962.998.966
Handbært fé		78.624	417.225
Veltufjármunir samtals		<u>1.133.536.153</u>	<u>963.416.191</u>
Eignir samtals		<u>1.133.536.153</u>	<u>963.416.191</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	7		
Hrein eign		5.641.748	24.161.624
Bundið eigið fé		392.595.240	392.595.240
Eigið fé samtals		<u>398.236.988</u>	<u>416.756.864</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	6	707.532.581	541.448.187
Ýmsar skammtímaskuldir		3.766.584	2.211.140
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	8	24.000.000	3.000.000
		<u>735.299.165</u>	<u>546.659.327</u>
Skuldir samtals		<u>735.299.165</u>	<u>546.659.327</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>1.133.536.153</u>	<u>963.416.191</u>
Aðrar upplýsingar	9		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		(18.519.876)	21.391.967
		(18.519.876)	21.391.967
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Tengdir aðilar		16.625.831	10.990.593
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		1.555.444	(32.722.860)
		18.181.275	(21.732.267)
	Handbært fé frá rekstri	(338.601)	(340.300)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		(338.601)	(340.300)
		417.225	757.525
	Handbært fé í árslok	78.624	417.225

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds. Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2021	2020
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	351.000.000	251.000.000
	<u>351.000.000</u>	<u>251.000.000</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	(150.000.000)	0	501.000.000	351.000.000
Fjárveiting til tekna	(150.000.000)	0	501.000.000	351.000.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum	141.051.757	0	(510.571.633)	(369.519.876)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(8.948.243)	0	(9.571.633)	(18.519.876)

	2021	2020
3 Aðrar tekjur		
Leyfisgjald HHÍ	150.000.000	150.000.000
	<u>150.000.000</u>	<u>150.000.000</u>

4 Framlög og tilfærslur		
Fjármagnstilfærslur til ríkisaðila í A-hluta	483.831.633	367.102.343
Fjármagnstilfærslur aðrir	26.740.000	8.129.000
	<u>510.571.633</u>	<u>375.231.343</u>

5 Annar rekstrarkostnaður		
Sérfræðipjónusta	8.948.243	4.240.840
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	0	135.850
	<u>8.948.243</u>	<u>4.376.690</u>

6 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	1.133.400.529	955.788.966
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	57.000	7.210.000
	<u>1.133.457.529</u>	<u>962.998.966</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	707.532.581	541.448.187
	<u>707.532.581</u>	<u>541.448.187</u>

Skýringar

7 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	Hrein eign	Bundið eigið fé	31.12.2021	31.12.2020
Hrein eign				
Jöfnuður 1.1.	24.161.624	392.595.240	416.756.864	395.364.897
Afkoma ársins	(18.519.876)	0	(18.519.876)	21.391.967
Jöfnuður 31.12.	5.641.748	392.595.240	398.236.988	416.756.864

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

Af eigið fé stofnunarinnar eru kr. 392,6 milljónir sem eru bundið eigin fé, þ.e. ráðstöfun þess er ekki heimil nema heimild til þess verði veitt í fjárlögum.

8 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2021	31.12.2020
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga	24.000.000	3.000.000
	24.000.000	3.000.000

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2021	0	3.000.000	3.000.000
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	21.000.000	21.000.000
	0	24.000.000	24.000.000

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2021 munu kr. 0 milljónir koma til tekna á árinu 2022.

Skýringar

9 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Samkvæmt lögum nr. 3/2003 er það hlutverk Rannsóknamiðstöðvar Íslands (Rannís) að annast umsýslu Innviðasjóðs. Innviðasjóður er því ekki með skuldbindandi samninga um húsnæði eða aðra þjónustusaninga um húsnæði eða aðra þjónustusamninga. Sjóðurinn greiðir kostnað við mat á umsóknum og við störf stjórnar sbr. gr. 6b, 5. mgr. laga nr. 3/2003.

Veittar ábyrgðir

Sjóðurinn hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir sjóðsins felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Sjóðurinn hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.